

GUÐFINNA HARÐARDÓTTIR

NÝJAR TÖLUR FRÁ HAGSTOFUNNI UM NEMENDUR OG NÁMSLOK VIÐ 24 ÁRA ALDUR

Þann 3. júní 2008 kom út hjá Hagstofu Íslands hefti þar sem nám og námslok einstaklinga, sem fæddir voru á Íslandi árið 1982, eru skoðuð. Stuðst er við nemendaskrá og prófaskrá Hagstofunnar og er tekið mið af því hvaða námi þessir einstaklingar höfðu lokið árið 2006, árið sem þeir voru 24 ára.


ÞRIÐJUNGUR HEFUR EKKI LOKIÐ FRAMHALDSSKÓLANÁMI VIÐ 24 ÁRA ALDUR

Í árganginum 1982 eru samkvæmt tölum Hagstofunnar 4.352 einstaklingar. Af þeim hafði 2.701 lokið einhverju námi samkvæmt prófaskrá Hagstofu Íslands árið 2006 eða 62,1% árgangsins. Langflestir þeirra höfðu lokið námi á framhaldsskólastigi. Eins og sjá má á mynd 1 höfðu 224 einstaklingar eða 5,1% árgangsins ekki verið skráðir í neitt nám eftir grunnskóla og rétt tæpur þriðjungur árgangsins hafði verið skráður í nám en ekki lokið því árið 2006.

FLEIRI KONUR EN KARLAR HAFU LOKIÐ EINHVERJU NÁMI

Í tölum Hagstofunnar kemur fram að hlutfall kvenna í þessum hópi, sem stundað hafa nám og útskrifast, er mun hærra en hlutfall karla. Þannig höfðu 69,7% kvenna úr árganginum lokið einhverju námi á móti 55% karla. Hlutfall þeirra, sem höfðu lokið námi, var hærra á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni. Mikill munur er á hlutfalli karla sem hafa lokið framhaldsskólastiginu eftir landsvæðum. Þar er hlutfallið lægst á Vestfjörðum eða 36,3% en hæst í Reykjavík eða 57,2%. Minni munur er hins vegar á hlutfalli kvenna sem

Mynd 1. Námslok árgangsins '82 við 24 ára aldur



hafa lokið framhaldsskólastigi við 24 ára aldur eftir landshlutum. Þar er hlutfallið lægst á Suðurnesjum eða 51,1% en hæst á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur eða 69,8%.

FLEIRI KARLAR EN KONUR HAFU LOKIÐ STARFSNÁMI

Nokkrir einstaklingar úr árganginum höfðu lokið námi af fleiri en einni námsbraut og eru því brautskráningar fleiri en brautskráðir nemendur. Brautskráningar úr bóknámi eru um 60% allra brautskráninga á framhaldsskólastigi og þegar hæsta próf er skoðað er stúdentspróf langalgengasta prófið sem árgangurinn '82 hefur lokið. Konur hafa brautskráðst í sex af hverjum tíu brautskráningum úr bóknámi á framhaldsskólastigi en karlar í rúmlega sex af hverjum tíu brautskráningum úr starfsnámi.

Nálgast má heftið í heild sinni á vef Hagstofu Íslands: <http://www.hagstofa.is/Skolamal>